

FW: Góðtemplarahúsið Suðurgötu 7

Til : Jóna Ósk Guðjónsdóttir
Frá : Jóna Ósk Guðjónsdóttir
Heiti : FW: Góðtemplarahúsið Suðurgötu 7
Málsnúmer : 1503387
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð dags : 24.03.2015 14:35:58
Höfundur : Jóna Ósk Guðjónsdóttir

From: Almar Grimsson [mailto:almar1604@gmail.com]

Sent: 19. mars 2015 10:58

To: Haraldur Líndal Haraldsson

Cc: Kristján Sturluson; Reynir Kristjánsson

Subject: Re: Góðtemplarahúsið Suðurgötu 7

Sæll Haraldur

Við erum í viðræðum við Bjarnarhöfða ehf, eiganda húsnæðisins að Kaplahrauni 1 um samkomulag um að ljúka málum þar í maí. Húsfélag okkar sér nú þegar fram á vandræði að greiða leigu úr takmörkuðum varasjóði okkar. Við höfum greitt 3 mánuði jan. - mars 2015 til þess að standa við samning og fyrirgera ekki rétti okkar meðan óvissuástand ríkir.

Áður en við ljúkum samningum við Bjarnarhöfða ehf er okkur nauðsyn að hafa fast land undir fótum hvað varðar afnot til frambúðar af húsnæði á forræði Hafnarfjarðarbæjar. Með vísan til viðræðna okkar er það Góðtemplarahúsið sem þykir henta.

Því er þess farið á leit að Hafnarfjarðarbær staðfesti formlega að 12 spora deildirnar sextán talsins sem nú starfa að Kaplahrauni geti flutt starfsemi sína inn í Góðtemplarahúsið við Suðurgötu nú í maí n.k. þannig að starf þeirra verði komið þar á fullan skrið 1. júní n.k.

Það eru að sjálfsögðu ýmis formsatriði sem þarf að ganga frá. Meðal þess er þær skyldur sem deildirnar taka á sig og réttindi til afnota, umsjón og eftirlit ofl.

Það er mjög brýnt að við fulltrúar deildanna gerum þeim sem allra fyrst grein fyrir hvaða lausn er í vændum. Allt óvissuástand skapar spennu.

Ég fer þess því á leit að við Reynir Kristjánsson hittum þig á fundi strax eftir helgi til að fara yfir málið og finna því réttan farveg til endanlegrar lausnar. Ég minnst þess líka frá síðasta fundi okkar að þið Kristján hyggist kynna málið á næsta fundi bæjarráðs sem er væntanlega fimmtudaginn 26. mars n.k.

Með góðri kveðju

Almar

2015-03-11 11:23 GMT+00:00 Almar Grimsson <almar1604@gmail.com>:

Heill og sæll Haraldur

Ég þakka ykkur Kristjáni fyrir góðan fund í gær. Í framhaldi af honum átti ég gott samtal við Jón Kr. Jóhannesson í gær um málefni Gúttó..

Jón sýndi mér viljayfirlýsingu dags. 16. maí 2006 um aðkomu bæjarins að lausn mála v. viðhalds, viðgerða og notkun hússins. Jafnframt samning um afnot og viðhald dags. 14. mars 2007. Þá sýndi hann mér þinglýsingarvottorð dags. 17. apríl 2007 þar sem fram kemur að aðalstjórn IOGT á Íslandi verður að samþykkja sölu á húsinu. Jón segir þetta komið inn fyrir þrýsting en að reglan í Hafnarfirði (stúkan Daníelsher nr. 4) sé eigandi hússins enda hinn beini aðili að ofangreindum gjörningum við Hafnarfjarðarbæ.

Ekki sá ég að ákvæði væri um að Byggðasafnið væri með forræði á húsinu og er það væntanlega fyrrikomulagsatriði enda er aðalatriði í huga Jóns að saga Góðtemplarareglunnar verði varðveitt og að fundarsalur þeirra á efri hæð verði varðveittur í núverandi mynd. Þá eru skjöl reglunnar geymd í húsinu.

Jón upplýsti að Sálarrannsóknafélagið hefði fundað í húsinu af og til en ekki greitt neina leigu. Jafnframt hefur Færeyingjafélagið verið með dansæfingar og félagsskapur sem heitir Vonarhöfn hefur fundað þar af og til.

Jón ræddi um viðgerðina á húsinu utanhúss sem Sturla Haraldsson mun hafa annast. Nefndi hann eigin söfnun og að Byggðasafnið hefði fengið styrk úr húsafriðunarsjóði.

Hann sagði ákveðið að þegar búið væri að greiða allar skuldir væri hans einlægi ásetningur að Hafnarfjarðarbær fengi húsið að gjöf. Nefndi hann ýmislegt um IOGT sem ég hef ekki eftir en nefni ég þó að landssamtökin munu hafa óskað eftir veðheimild í húsinu þegar illa stóð á hjá þeim í kringum 2006 en því var hafnað.

Ég er tilbúinn að ræða þetta samtal okkar Jóns nánar við ykkur Kristján enda var honum ljóst að ég gerði ykkur grein fyrir því. Mér finnst einsýnt að vinna verði bráðan bug að því að ljúka samningum við Landsbankann og í beinu framhaldi ræða við Jón Kr. sem aðila að samningi reglunnar í Hafnarfirði við Hafnarfjarðarbæ dags. 14. mars 2007.

Með góðri kveðju

Almar

--

Almar Grímsson
Past President

Icelandic National League of Iceland

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)